

## Reglur um greiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna hjá dagforeldrum. Ekki er greitt fyrir júlímánuð.

Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að barn hafi náð 9 mánaða aldri. Í tilfalli einstæðra foreldra og námsmanna er greitt frá 6 mánaða aldri.
2. Að barn hafi lögheimili í Borgarbyggð.
3. Að dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
4. Að barn sé slysatriytt hjá dagforeldrinu.
5. Að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og fjölskyldusviðs Borgarbyggðar.

Mánaðarleg greiðsla miðar við dvalartíma barnsins með eftirfarandi hætti:

	<b>Niðurgreiðsla Borgarbyggðar</b>	<b>Gjald foreldra</b>
<b>4 tímar</b>	32.686	21.100
<b>5 tímar</b>	40.832	24.525
<b>6 tímar</b>	48.978	30.420
<b>7 tímar</b>	57.124	33.845
<b>8 tímar</b>	65.270	37.270
<b>9 tímar</b>	73.416	40.695

Reglur um afslátt fyrir einstæðra foreldra og námsmenn og einnig vegna systkina taka mið af gjaldskrá leikskóla Borgarbyggðar. Sækja þarf sérstaklega um afsláttinn.

*Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 08. desember 2016.*